

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

*Deiliskipulag garðyrkjulóða vestan Ásabyggðar, endurskoðun.*

Í deiliskipulaginu felst að endurskoðað skipulag stækkar til suðurs og nær nú yfir 13 garðyrkjulóðir við Mýrar- og Garðastíg, 10 íbúðalóðir við Ljónastíg og 1 verslunar- og þjónustulóð norðan Sneiðar á Flúðum.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. september 2011.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 31. október 2011.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 15. nóvember 2011